

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
<b>2008/EES/63/01</b>		Afturköllun tilkynningar um beiðni samkvæmt 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB . . . . .	<b>1</b>
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
<b>2008/EES/63/02</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5093 – DP World/Conti 7/Rickmers 2.Terminal/DP World Breakbulk) . . . . .	<b>2</b>
<b>2008/EES/63/03</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5233 – APMM/Swift Tankers Pool) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>3</b>
<b>2008/EES/63/04</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5345 – Terex Corporation/Fantuzzi Group) . . . . .	<b>4</b>
<b>2008/EES/63/05</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5359 – Tessengerlo Chemie/SPV/IPCHL/T-Power JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>5</b>
<b>2008/EES/63/06</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5362 – SHV/Vanderlande) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>6</b>

<b>2008/EES/63/07</b>	Ríkisaðstoð – Frakkland – Málsnúmer C 35/08 (áður NN 11/08) – Ótakmörkuð ríkisábyrgð til handa IFP – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans . . . . .	7
<b>2008/EES/63/08</b>	Áætlunarflug – Auglýsing stjórnvalda á Grikklandi um útboð á samningum um flugrekstur á níu áætlunarleiðum sem eru háðar almannajónustukvöðum, birt í samræmi við staflíð d) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 . . . . .	7
<b>2008/EES/63/09</b>	Áætlunarflug – Auglýsing stjórnvalda á Grikklandi um útboð á samningum um flugrekstur á tíu áætlunarleiðum sem eru háðar almannajónustukvöðum, birt í samræmi við staflíð d) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 . . . . .	7
<b>2008/EES/63/10</b>	Tilkynning stjórnvalda í Rúmeníu með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni . . . . .	8
<b>2008/EES/63/11</b>	Auglýsing eftir tillögum – EACEA/30/08 – Aðgerð 4.6 – Samstarfsverkefni – Áætlunin „Virk æska“ . . . . .	9
<b>2008/EES/63/12</b>	Auglýsing eftir tillögum – EACEA/31/08 – Aðgerð 4.1 – Styrkveitingar til stofnana sem starfa að æskulýðsmálum á Evrópuvísu . . . . .	10
<b>2008/EES/63/13</b>	Áætlun um símenntun – Auglýst eftir tillögum 2009 – DG EAC/31/08 . . . . .	11
<b>2008/EES/63/14</b>	Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætluninni „Fólk“ fyrir árið 2009 sem fellur undir 7. rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni (FP7-People-2009-RG). . . . .	12
<b>2008/EES/63/15</b>	Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætluninni „Fólk“ fyrir árið 2009 sem fellur undir 7. rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni (FP7-People-2009-NIGHT) . . . . .	13

### 3. Dómstóllinn

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Afturköllun tilkynningar um beiðni samkvæmt 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB**

**2008/EES/63/01**

Hinn 10. júní 2008 barst Eftirlitsstofnun EFTA beiðni stjórnvalda í Noregi samkvæmt 4. mgr. 30. gr. gerðarinnar sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu* <sup>(1)</sup>) þess efnis að undanskilja mætti ákvæðum gerðarinnar olíu- og gasleit og olíu- og gasvinnslu á norska landgrunninu og flutning á jarðgasi um leiðslukerfi í landinu.

Tilkynning um þessa beiðni Norðmanna var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 180, 17.7.2008, bls. 18, og í EES-viðbæti nr. 43, 17.7. 2008, bls. 35.

Stjórnvöld í Noregi tilkynntu Eftirlitsstofnun EFTA í bréfi dagsettu 17. júlí 2008 að þau hygðust falla tafarlaust frá ofangreindri umsókn samkvæmt 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB.

Tilkynningin, sem hér birtist, kemur því í stað fyrri tilkynningarinnar og Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að fallið hafi verið frá umsókninni. Af þeim sökum gilda ákvæði tilskipunar 2004/17/EB áfram um olíu- og gasleit og olíu- og gasvinnslu á norska landgrunninu og flutning á jarðgasi um leiðslukerfi í landinu.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**

**2008/EES/63/02**

**(Mál COMP/M.5093 – DP World/Conti 7/Rickmers 2.Terminal/DP World Breakbulk)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. október 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem belgísku fyrirtækin DP World NV, sem hét áður P&O Ports Europe NV og lýtur yferráðum hins dúbaiska Dubai World, og Conti 7 NV, sem lýtur yferráðum Brion-fjölskyldunnar, og þýska fyrirtækið Rickmers 2.Terminal NV, sem lýtur yferráðum hins þýska Rickmers Holding GmbH & Cie KG („Rickmers“), öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yferráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í belgíska fyrirtækinu DP World Breakbulk NV.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - DP World NV/Dubai World: byggingastarfsemi, hrávöruviðskipti, þjónusta tengd sjávarútvegi og siglingum, hafnarekstur
  - Conti 7 NV/ Brion-fjölskyldan: sérþjónusta í tengslum við sjóflutninga
  - Rickmers 2.Terminal NV/Rickmers: eignarhald á skipum, skipaútgerð, pakkavöruflutningar, skipamiðlun, fjármögnun, fasteignir
  - DP World Breakbulk NV: rekstur farmstöðvar í Antwerpenhöfn sem er nýtt sem almenn farmstöð fyrir pakkavöru
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 267, 22. október 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5093 – DP World/Conti 7/Rickmers 2.Terminal/DP World Breakbulk, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5233 – APMM/Swift Tankers Pool)**

2008/EES/63/03

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. október 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem danska fyrirtækið A.P. Møller-Mærsk („APMM“) öðlast með hlutafjár- og eignakaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í danska fyrirtækinu Swift Tankers Pool („Swift“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - APMM: meðal annars áætlunarsiglingar gámaskipa, gámastöðvaþjónusta, landflutningar, flutninga- og birgðaþjónusta, dráttarþjónusta í höfnum, rekstur tankskipa, olíu- og gasleit og olíu- og gasvinnsla, smásöluverslun og loftflutningar
  - Swift: sjóflutningar, einkum á olíuvörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 265, 18. október 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5233 – APMM/Swift Tankers Pool, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál COMP/M.5345 – Terex Corporation/Fantuzzi Group)**

2008/EES/63/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. október 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Terex Corporation öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í lúxemborgsk-íþalska fyrirtækinu Fantuzzi Group.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Fantuzzi Group: framleiðir búnað til gámahöndlunar
  - Terex Corporation: framleiðir margvíslegan búnað til bygginga, mannvirkjagerðar, námavinnslu og endurvinnslu, m.a. búnað til gámahöndlunar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 268, 23. október 2008). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5345 – Terex Corporation/Fantuzzi Group, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2008/EES/63/05****(Mál COMP/M.5359 – Tessengerlo Chemie/SPV/IPCHL/T-Power JV)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. október 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið International Power Consolidated Holdings Limited („IPCHL“), sem lýtur yfirráðum International Power plc, belgíska fyrirtækið Tessengerlo Chemie NV og þýska fyrirtækið Siemens Project Ventures GmbH („SPV“), sem lýtur yfirráðum Siemens AG, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í sameiginlegu fyrirtæki, hinu belgíska T-Power NV.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Tessengerlo: efnavöruframleiðsla
  - SPV: stórverkefni á sviði mannvirkjagerðar
  - IPCHL: eignarhaldsfélag um margvíslegar eignir á sviði raforkuframleiðslu
  - T-Power NV: þróun, uppbygging og rekstur orkuvers
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 269, 24. október 2008). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5359 – Tessengerlo Chemie/SPV/IPCHL/T-Power JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5362 – SHV/Vanderlande)**

2008/EES/63/06

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. október 2008 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið SHV Holdings NV („SHV“) öðlast með hlutafjárkaupum yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu Vanderlande Industries BV („Vanderlande“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - SHV: eignarhaldsfélag sem hefur margvíslega starfsemi á sviði olíu, gass og fljótandi jarðolíu-gass, neytendavöru, fjárfestinga í óskráðum félögum, þungalyftna og endurnýjanlegrar orku
  - Vanderlande: framleiðsla á sjálfvirkum færíbúnaði ásamt tilheyrandi þjónustu; höndlun farangurs á flugvöllum og pakkahöndlun í dreifingarmiðstöðum og flokkunarstöðvum fyrir hraðsendingar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 265, 18. október 2008). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5362 – SHV/Vanderlande, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.



**Ríkisaðstoð – Frakkland****2008/EES/63/07****Málsnúmer C 35/08 (áður NN 11/08) – Ótakmörkuð ríkisábyrgð til handa IFP****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Frankvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 259, 11.10.2008](#).

Frankvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State Aid Registry  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
Bréfasími +32 (0)22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Frakklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Áætlunarflug****2008/EES/63/08****Auglýsing stjórnvalda á Grikklandi um útboð á samningum um flugrekstur á níu áætlunarleiðum sem eru háðar almannajónustukvöðum, birt í samræmi við staflid d) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

Stjórnvöld á Grikklandi hafa ákveðið, á grundvelli staflidar a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að leggja á almannajónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug á nokkrum leiðum, sjá [Stjtið. ESB C 250, 2.10.2008, bls. 39](#), og [EES-viðbæti nr. 60, 9.10.2008, bls. 15](#), um nánari upplýsingar og útboðsauglýsinguna í heild.

**Áætlunarflug****2008/EES/63/09****Auglýsing stjórnvalda á Grikklandi um útboð á samningum um flugrekstur á tíu áætlunarleiðum sem eru háðar almannajónustukvöðum, birt í samræmi við staflid d) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

Stjórnvöld á Grikklandi hafa ákveðið, á grundvelli staflidar a) í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins, að leggja á almannajónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug á nokkrum leiðum, sjá [Stjtið. ESB C 250, 2.10.2008, bls. 42](#), og [EES-viðbæti nr. 60, 9.10.2008, bls. 15](#), um nánari upplýsingar og útboðsauglýsinguna í heild.

**Tilkynning stjórnvalda í Rúmeníu með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni** **2008/EES/63/10**

*Auglýsing um 9. úthlutunarlotu útboðs í Rúmeníu*

Með hliðsjón af staflið a) í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni<sup>(1)</sup> auglýsir Landsskrifstofa jarðefnaauðlinda, sem er lögbært yfirvald í samræmi við ákvæði 10. gr. tilskipunar 94/22/EB, eftir umsóknum frá áhugaaðilum um olíuvinnsluleyfi í 9. úthlutunarlotu útboðs.

Tilgangur þessarar 9. úthlutunarlotu útboðsins er að gera samninga um olíuvinnslu á þeim 14 svæðum í landinu sem talin eru upp í töflunni á bls. 6 í [Stjtið. ESB C 262, 15.10.2008](#).

Allar upplýsingar um útboðið, aðgang að gögnum og landfræðiupplýsingum og vinnslugjöld koma fram í skjalinu „Reglur um útboð á vinnsluréttindum fyrir jarðolíu“ sem er birt á vefsetri Landsskrifstofu jarðefnaauðlinda: [www.namr.ro](http://www.namr.ro).

Rúmenskir og erlendir lögaðilar, sem hyggjast taka þátt í útboðinu, skulu senda skrifleg tilboð í svæðin, sem fram koma í ofangreindri töflu, á pósthöfund

Agentia Națională pentru Resurse Minerale  
În atenția: Bogdan Găbudeanu, președinte  
Str. Mendeleev nr. 36-38, Cod 010366, sector 1  
RO-010366 București

fyrir kl. 15.00 síðasta dag þess 90 daga tímabils sem hefst daginn eftir að útboðsauglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (þ.e. 16. október 2008) eða, ef þannig ber undir, fyrsta virka dag eftir að sá frestur rennur út.

Nánari upplýsingar fást hjá:

- Landsskrifstofu jarðefnaauðlinda á vefsetrinu [www.namr.ro](http://www.namr.ro),
- Gicu Boroși, forstjóra, sími (40-21) 317 01 84, netfang: [gicu.borosi@namr.ro](mailto:gicu.borosi@namr.ro),
- Mihai German, aðstoðarforstjóra, sími (40-21) 317 01 96, netfang: [mihai.german@namr.ro](mailto:mihai.german@namr.ro).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

**AUGLÝSING EFTIR TILLÖGUM – EACEA/30/08****2008/EES/63/11****Aðgerð 4.6 – Samstarfsverkefni – Áætlunin „Virk æska“**

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hyggst með aðgerð 4.6 í áætluninni „Virk æska“ gera framkvæmdastofnun menntamála, hljóð- og myndmiðlunar og menningar kleift að styrkja verkefni sem snúast um samstarf við opinberar stofnanir héraða eða sveitarfélaga eða samtök sem starfa að æskulýðsmálum á Evrópuvettvangi.

Umsóknir verða að berast framkvæmdastofnun menntamála, hljóð- og myndmiðlunar og menningar eigi síðar en **1. desember 2008** á eftirfarandi pósthfang:

Agence Exécutive «Éducation, Audiovisuel et Culture»  
Programme «Jeunesse en action»  
Appel à propositions EACEA/30/08  
BOUR 01/001  
Avenue du Bourget, 1  
B-1140 Bruxelles

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær séu á réttum umsóknareyðublöðum, rétt útfylltum og dagsettum, og beri undirskrift fulltrúa umsóknarfyrirtækisins sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þess.

Umsóknir, sem berast í símbréfi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

Finna má ítarlegar leiðbeiningar fyrir umsækjendur og umsóknareyðublöð á eftirfarandi vefslóð:  
[http://eacea.ec.europa.eu/youth/calls2008/action46/index\\_en.htm](http://eacea.ec.europa.eu/youth/calls2008/action46/index_en.htm)

Styrkumsóknum verður að skila á umsóknareyðublaðinu, sem hannað hefur verið sérstaklega í því skyni, ásamt öllum fylgiskjölum og upplýsingum sem farið er fram á.

Um heildartexta auglýsingarinnar sjá [Stjtið. ESB C 253, 4.10.2008, bls. 19](#).

## AUGLÝSING EFTIR TILLÖGUM – EACEA/31/08

2008/EES/63/12

## Aðgerð 4.1 – Styrkveitingar til stofnana sem starfa að æskulýðsmálum á Evrópuvísu

Tilgangur þessarar auglýsingar eftir tillögum er að styrkja fasta starfsemi stofnana sem starfa að æskulýðsmálum á Evrópuvísu og vinna að almennum evrópskum hagsmunamálum.

Auglýsingin, sem nú er birt, varðar ekki stofnanir sem hafa þegar gert samstarfssamning við framkvæmdastofnunina fyrir tímabilið 2008–2010.

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á réttum umsóknareyðublaðum, rétt útfylltum, dagsettum, í tvíriti (með einu frumriti) og með undirskrift fulltrúa umsóknarfyrirtækisins, sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þess. Styrkumsóknir verða að berast á eftirfarandi póstfang eigi síðar en **1. desember 2008**:

Education, Audiovisual & Culture Executive Agency  
Youth Unit (P6)  
Grant application 'Youth in Action' – Action 4.1 – 2009  
Avenue du Bourget 1 (BOUR – 1/01)  
B-1140 Bruxelles/Brussel

- með pósti (póststimpill gildir),
- með boðsendli (móttökukvittun boðsendlaþjónustunnar gildir).

Umsóknir, sem berast í símbrefi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina. Styrkumsóknir verða að fullnægja öllum ákvæðum umsóknarleiðbeininga fyrir auglýsingu EACEA/31/08, berast á til þess gerðu eyðublaði og hafa að geyma öll fylgiskjöl sem máli skipta. Skjölin, sem hér hafa verið nefnd, eru birt á lýðnetinu á eftirtalinni vefslóð:

[http://eacea.ec.europa.eu/youth/index\\_en.htm](http://eacea.ec.europa.eu/youth/index_en.htm)

Um nánari upplýsingar sjá [Stjtið. ESB C 250, 2.10.2008, bls. 45](#).

**Áætlun um símenntun – Auglýst eftir tillögum 2009 – DG EAC/31/08****2008/EES/63/13****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar um að koma á fót áætluninni „Símenntun“ sem var lögtekin í Evrópuþinginu og ráðinu 15. nóvember 2006 (ákvörðun nr. 1720/2006/EB) <sup>(1)</sup>. Áætlunin tekur til árana 2007 til 2013. Sértek markmið áætlunarinnar „Símenntun“ eru talin upp í 3. mgr. 1. gr. ákvörðunarinnar.

**2. Hlutgengir umsækjendur**

Áætlunin Símenntun tekur til menntunar og starfsmenntunar hvers konar og á öllum stigum og er opin öllum stofnunum sem taldar eru upp í 4. gr. ákvörðunarinnar.

Umsækjendur verða að hafa staðfestu í einu eftirtalinna ríkja: <sup>(2)</sup>:

- Einu ríkjanna 27 sem eiga aðild að Evrópusambandinu (miðað er við 1. janúar 2007),
- einu EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES (Íslandi, Liechtenstein eða Noregi),
- ríki sem biður aðildar: Tyrklandi.

**3. Fjárveiting og lengd verkefna**

Áætluð heildarfjárveiting vegna þessarar auglýsingar er 961 milljón evra.

Styrkfjárhæðir og lengd verkefna ráðast af þáttum á borð við eðli verkefnis og fjölda þátttökuríkja.

**4. Umsóknarfrestur**

Helstu umsóknarfrestir eru sem hér segir:

<b>Háskólasamningur</b> Erasmus-áætlunarinnar	28. nóvember 2008
Comenius, Grundtvig: <b>Starfsþjálfun</b>	
– fyrsti umsóknarfrestur	16. janúar 2009
– aðrir umsóknarfrestir	30. apríl 2009
	15. september 2009
<b>Aðstoðarstöður</b> samkvæmt áætluninni Comenius	30. janúar 2009
Leonardo da Vinci: <b>Námsmannaskipti</b> (þar á meðal „hreyfanleikaskírteini“ áætlunarinnar Leonardo da Vinci)	6. febrúar 2009
<b>Kröfutungumálanámskeið</b> áætlunarinnar Erasmus ( <b>EILC</b> )	
<b>Áætlunin Jean Monnet</b>	13. febrúar 2009
Comenius, Leonardo da Vinci, Grundtvig: <b>Samstarfsverkefni</b>	20. febrúar 2009
Comenius: „ <b>Regio</b> “- <b>samstarfsverkefni</b> áætlunarinnar Comenius	
Grundtvig: <b>Vinnufundir</b>	
Comenius, Erasmus, Leonardo da Vinci, Grundtvig:	27. febrúar 2009
<b>Fjölhliðaverkefni, net og hliðarráðstafanir</b>	

<sup>(1)</sup> <http://europa.eu.int/eur-lex/lex/JOhtml.do?uri=OJ:L:2006:327:SOM:EN:HTML>.

<sup>(2)</sup> <http://europa.eu.int/eur-lex/lex/JOhtml.do?uri=OJ:L:2006:327:SOM:EN:HTML>.

Leonardo da Vinci: <b>Flutningur fjölhlíðaverkefna á sviði nýsköpunar</b>	27. febrúar 2009
Erasmus: <b>Kröfuáætlunir, Námsfólki gert kleift að stunda nám og störf utan heimalands</b> (m.a. með starfsskírteini samstarfslanda áætlunarinnar Erasmus) og <b>starfsmannaskipti</b> (kennslustöður og námskeið)	13. mars 2009
Grundtvig: <b>Aðstoðarstöður, Sjálfböðaverkefni eldri</b>	31. mars 2009
<b>Þverlæg áætlun</b>	31. mars 2009
Þverlæg áætlun: <b>Lykilstarfsemi 1 – námsheimsóknir</b>	9. apríl 2009

## 5. Nánari upplýsingar

Heildartexta auglýsingarinnar „Áætlun um símenntun – Auglýst eftir tillögum 2008–2010: uppfærsla 2009“, ásamt vinnuáætluninni og umsóknareyðublöðum, er að finna á eftirfarandi vefslóð:

<http://ec.europa.eu/llp>

Umsóknir verða að fullnægja öllum skilmálum sem fram koma í heildartexta auglýsingarinnar og berast á til þess gerðum eyðublöðum.

**Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætluninni „Fólk“ fyrir árið 2009 sem fellur undir 7. rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni** 2008/EES/63/14

Athygli er vakin á auglýsingu eftir tillögum samkvæmt starfsáætluninni „Fólk“ fyrir árið 2009 sem fellur undir 7. rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni (2007–2013).

Auglýst er eftir tillögum samkvæmt eftirfarandi: Upplýsingar um umsóknarfrest og fjárveitingu er að finna í heildartexta auglýsingarinnar, sem er birtur á vefsíðum CORDIS.

Séráætlunin „Fólk“:

Fyrirsögn auglýsingar	Tilvísunarnúmer auglýsingar
<i>Styrkir til að auðvelda atvinnulausum að hefja störf að nýju</i>	FP7-PEOPLE-2007-RG

Auglýsingin varðar starfsáætlun ársins 2009 sem samþykkt var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2008) 4483 frá 22. ágúst 2008.

Upplýsingar um tilhögun umsóknarlotunnar og starfsáætlunina, auk leiðbeininga til umsækjenda um hvernig staðið skuli að umsóknum, er að finna á vefsíðum CORDIS:

<http://cordis.europa.eu/fp7/calls>

**Auglýst eftir tillögum samkvæmt starfsáætluninni „Fólk“ fyrir árið 2009 sem fellur undir 7. rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni** **2008/EES/63/15**

Athygli er vakin á auglýsingu eftir tillögum samkvæmt starfsáætluninni „Fólk“ fyrir árið 2009 sem fellur undir 7. rammaáætlun Evrópubandalagsins um rannsóknir, tækniþróun og tilraunaverkefni (2007–2013).

Auglýst er eftir tillögum samkvæmt eftirfarandi: Upplýsingar um umsóknarfrest og fjárveitingu er að finna í heildartexta auglýsingarinnar, sem er birtur á vefsíðum CORDIS.

Séráætlunin „Fólk“:

Fyrirsögn auglýsingar	Tilvísunarnúmer auglýsingar
<i>Rannsóknakvöld</i>	FP7-PEOPLE-2007-NIGHT

Auglýsingin varðar starfsáætlun ársins 2009 sem samþykkt var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C(2008) 4483 frá 22. ágúst 2008.

Upplýsingar um tilhögun umsóknarlotunnar og starfsáætlunina, auk leiðbeininga til umsækjenda um hvernig staðið skuli að umsóknum, er að finna á vefsíðum CORDIS:

<http://cordis.europa.eu/fp7/calls>